

Reglur um tímasókn og ráðvendni í námi

Samþykkt á deildarfundi Stjórn málafræðideildar 20. janúar 2010. Með síðari breytingum samþykktum á deildarfundi 6. október 2011.

Tímasókn

Námskeið í Stjórn málafræðideild eru miðuð við að stúdentar sækji kennslustundir, nema annað sé sérstaklega skipulagt. Geti stúdent ekki mætt í einstaka tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Kennarar kosta kapps um að námskeiðstilhögun sé skýr og kröfur ljósar, en þeim ber ekki skylda til að veita sérstakar tilhliðranir vegna stúdenta sem af einhverjum völdum sækja ekki kennslustundir.

Ráðvendni í námi

Stjórn málafræðideild tekur óráðvendni í námi mjög alvarlega. Þar er meðal annars - en ekki eingöngu - átt við ritstuld, falsanir af öllu tagi, notkun og kynningu á verkefnum eða vinnu annarra eins og hún væri manns eigin og allar tilraunir til að hafa rangt við á prófum. Almenn gildir að óheimilt er að endurnýta ritgerðir eða hugverk sem áður hafa verið lögð fram til námsmats.¹ Forseti Félagsvísindasviðs getur ákveðið að í slíkum málum sé beitt ströngum viðurlögum, sbr. 19. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og allmörg ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands.

Fyrningarreglur Stjórn málafræðideildar

Stúdent sem ekki getur lokið námi innan þeirra tímamarka sem sett eru í 93. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands þarf að sækja um sérstaka undanþágu frá því ákvæði til deildar.

Vilji stúdent hefja að nýju nám sem hann hefur horfið frá – og hlé hans frá námi er ekki samkvæmt ákvæðum 48. gr. reglna nr. 269/2009 fyrir Háskóla Íslands – þá metur deild námskeið af fyrri ferli stúdents til endurinnritunar samkvæmt þeirri námsskipan sem í gildi er og með hliðsjón af jafngildingarreglum um viðurkenningu Stjórn málafræðideildar á námi utan deildar. Þar segir: „Deild metur að jafnaði síður námskeið ef langt er síðan stúdent lauk þeim eða ef árangur stúdents er slakur“.

¹ Breytt 6. október 2011.